

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2018/956

2022/EES/10/66

frá 28. júní 2018

um vöktun og skýrslugjöf vegna koltvísýringslosunar og eldsneytisnotkunar nýrra þungra ökutækja (*)

EVROÞUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 192. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í niðurstöðum sínum frá 23.-24. október 2014 um stefnuramma fyrir loftslag og orku fram til ársins 2030 fastsetti leiðtoga ráðið bindandi markmið fyrir ESB um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá öllu hagkerfinu um a.m.k. 40%, samanborið við árið 1990, eigi síðar en á árinu 2030 og þetta markmið var staðfest að nýju á fundi leiðtoga ráðsins 17.-18. mars 2016.
- 2) Í niðurstöðum sínum frá 23.-24. október 2014 skýrði leiðtoga ráðið frá því að Sambandið eigi að ná takmarkinu sameiginlega, á eins kostnaðarhagkvæman hátt og unnt er, með skerðingum í viðskiptum með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins („EU ETS“) og geirum utan viðskiptakerfisins fyrir losunarheimildir, sem nema annars vegar 43% og hins vegar 30%, eigi síðar en á árinu 2030, samanborið við árið 2005. Í Parísarsamningnum ⁽³⁾ er m.a. sett fram langtíamarkmið í samræmi við það markmið að halda hækkun á meðalhitastigi á heimsvísu vel undir 2° C yfir gildum fyrir iðnvæðingu og að fylgja eftir viðleitni til að halda henni við 1,5° C yfir gildum fyrir iðnvæðingu. Nauðsynlegt er að öll aðildarríki taki þátt í þessu átaki og að allar greinar atvinnulífsins, þ.m.t. flutningageirinn, stuðli að því að ná losunarskerðingunum, sem samþykktar voru af leiðtoga ráðinu, og að því að uppfylla langtíamarkmið Parísarsamningsins.
- 3) Í evrópsku stefnuáætluninni um samgöngur sem valda lítilli losun, sem framkvæmdastjórnin birti árið 2016, er sett fram það markmið að við miðja öld muni losun gróðurhúsalofttegunda þurfa að vera a.m.k. 60% lægri en árið 1990 og á stöðugri leið að núlli.
- 4) Til að það markmið náist þykir rétt að taka tillit til nokkurra ólíkra ráðstafana. Auk þess að setja staðla fyrir koltvísýringslosun fyrir þung ökutæki, nánar tiltekið vöruflutningabíla, hópbifreiðar og langferðabifreiðar, gætu þessar ráðstafanir tekið til annarra aðgerða sem stuðla að því að auka orkunýtni og minnka koltvísýringslosun frá þungum ökutækjum, svo sem með hleðslunýtingu, keðjun (e. *platooning*), þjálfun ökumanna, notkun óhefðbundins eldsneytis, áætlunum um endurnýjun flota, notkun hjólbarða með lítilli snúningsmótstöðu, minnkun umferðarteppa og fjárfestingum í viðhaldi á innviðum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. ESB L 173, 9.7.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 396/2021 frá 10. Desember 2021 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stj. ESB C 81, 2.3.2018, bls. 95.

(2) Afstaða Evrópuþingsins frá 12. júní 2018 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 21. júní 2018.

(3) Parísarsamningurinn (Stj. ESB L 282, 19.10.2016, bls. 4).

- 5) Losun gróðurhúsalofttegunda frá þungum ökutækjum er núna um fjórðungur af losun vegna flutninga á vegum í Sambandinu og áætlað er að hún aukist um 10% á milli 2010 og 2030 og um 17% á milli 2010 og 2050 ef ekki eru gerðar neinar viðbótarráðstafanir. Innleiða þarf skilvirkar ráðstafanir til að draga úr losun frá þungum ökutækjum í því skyni að stuðla að nauðsynlegri skerðingu á losun í flutningageiranum.
- 6) Í orðsendingu sinni frá 2014 um áætlun til að draga úr eldsneytisnotkun og koltvísýringslosun frá þungum ökutækjum, viðurkenndi framkvæmdastjórnin að ein af forsendum fyrir því að innleiða slíkar ráðstafanir væri stýrð verklagsregla fyrir ákvörðun á koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun.
- 7) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 ⁽⁴⁾ er mælt fyrir um ramma til að setja upp slíka stýrða verklagsreglu. Mælingarnar, sem framkvæmdar eru í samræmi við þá tilhögun, munu veita traust og samanburðarhæf gögn um koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun fyrir þung ökutæki að því er varðar umtalsverðan hluta flota þungra ökutækja í Sambandinu. Kaupandi tiltekins þungs ökutækis og viðkomandi skráningaraðildarríki munu hafa aðgang að þeim upplýsingum, sem mun að hluta til bæta núverandi þekkingargloppur.
- 8) Flutningafyrirtæki eru að miklu leyti lítil og meðalstór fyrirtæki. Auk þess hafa þau ekki enn aðgang að stöðluðum upplýsingum til að meta tækni sem bætir eldsneytisnýtingu eða til að bera saman þung ökutæki til þess að taka upplýstar ákvarðanir um kaup og minnka þannig eldsneytisreikninga þeirra, sem eru um fjórðungur af rekstrarkostnaði þeirra.
- 9) Gera ætti upplýsingar um frammistöðu þungs ökutækis með tilliti til koltvísýringslosunar og eldsneytisnotkunar aðgengilegar öllum til að gera öllum rekstraraðilum kleift að taka upplýstar ákvarðanir um kaup og til að tryggja hátt stig gagnsæis. Allir framleiðendur þungra ökutækja munu geta borið saman frammistöðu ökutækja sinna við önnur merki. Það mun auka hvatningu til nýsköpunar og hvetja til þróunar á orkunýtnari þungum ökutækjum og þannig auka samkeppnishæfni. Þessar upplýsingar munu einnig veita stefnumótendum á vettvangi Sambandsins og aðildarríkjanna góðan grundvöll til að þróa stefnur til að stuðla að notkun þungra ökutækja sem eru orkunýtnari.
- 10) Til þess að fá fullnægjandi upplýsingar um samsetningu flota þungra ökutækja í Sambandinu, þróun flotans með tímanum og möguleg áhrif hans á koltvísýringslosun ættu lögbæru yfirvöldin í aðildarríkjunum að vakta gögn um skráningar allra nýrra þungra ökutækja og allra nýrra eftirvagna, þ.m.t. gögn um aflrásir og viðkomandi yfirbyggingar, og senda framkvæmdastjórninni þessi gögn.
- 11) Því er viðeigandi að framleiðendur þungra ökutækja vakti gildin fyrir koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun, sem ákvörðuð eru fyrir hvert nýtt þungt ökutæki samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2400 ⁽⁵⁾, og sendi framkvæmdastjórninni þessi gögn.
- 12) Tiltækileiki gagna um koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun fyrir mismunandi flokka þungra ökutækja er háð því hvenær flokkarnir munu falla undir reglugerð (ESB) 2017/2400. Til að skapa skýrleika og réttarvissu um skyldur framleiðenda varðandi vöktun og skýrslugjöf ætti í þessari reglugerð að fastsetja upphafsárin fyrir vöktun og skýrslugjöf fyrir hvern flokk þungra ökutækja sem falla undir gildissvið hennar. Samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/2400 munu gögn verða tiltæk fyrir tiltekin ný þung ökutæki, sem skráð eru árið 2019. Frá og með því ári ættu framleiðendur að vera skyldugir til að vakta og skýra frá tæknigögnunum er varða þessi ökutæki. Fyrir aðra flokka þungra ökutækja og yfirhópa þungra ökutækja munu gögnin aðeins verða tiltæk frá síðari dagsetningu. Setja ætti hæfilegan tímaramma til að ákvarða upphafsárin fyrir vöktun og skýrslugjöf um gögn fyrir þessa ökutækjaflokka og ökutækjayfirhópa. Sökum þess hversu tæknilega flókið það er að þróa verklagsreglur til að ákvarða koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun þeirra flokka og yfirhópa þungra ökutækja sem eftir standa, ætti að setja tímarammann við sjö ár frá og með gildistökudegi þessarar reglugerðar.

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 frá 18. júní 2009 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja og hreyfla með tilliti til losunar frá þungum ökutækjum (Euro VI) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 715/2007 og tilskipun 2007/46/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 80/1269/EBE, 2005/55/EB og 2005/78/EB (Stjútíð. ESB L 188, 18.7.2009, bls. 1).

⁽⁵⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2400 frá 12. desember 2017 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 að því er varðar ákvörðun koltvísýringslosunar og eldsneytisnotkunar þungra ökutækja og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB og á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 582/2011 (Stjútíð. ESB L 349, 29.12.2017, bls. 1).

- 13) Það þjónar hagsmunum almennings að tæknigögnum, sem nauðsynleg eru til að ákvarða frammistöðu þungra ökutækja varðandi koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun, sé miðlað á virkan hátt til almennings í því skyni að auka gagnsæi eiginleika þungra ökutækja og tilheyrandi frammistöðu og til að ýta undir samkeppni meðal framleiðenda. Gögn, sem eru viðkvæm á grundvelli persónuupplýsingaverndar og sanngjarnar samkeppni, ætti ekki að birta. Tiltekin gögn varðandi loftaflfræðilega frammistöðu þungra ökutækja ættu að vera aðgengileg almenningi á vikmarkaformi (e. *range format*) til þess að taka tillit til sanngjarnar samkeppni. Almenningsur ætti að hafa greiðan aðgang að þeim gögnum sem gefin er skýrsla um, án endurgjalds. Reglugerð þessi er með fyrirvara um frekari rétt til aðgangs almennings að upplýsingum um umhverfismál, m.a. í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1367/2006 ⁽⁶⁾.
- 14) Það er mikilvægt að vöktunar- og skýrslugjafakerfið sé notendavænt fyrir alla flutningsaðila óháð stærð þeirra og tilföngum. Sömuleiðis er mikilvægt að framkvæmdastjórnin stuðli með virkum hætti að slíku kerfi til að tryggja að það hafi marktæk áhrif á geirann og til að auka vitund um tiltækileika gagnanna sem gefin er skýrsla um.
- 15) Greining framkvæmdastjórnarinnar á þeim gögnum sem aðildarríkin og framleiðendur hafa sent fyrir næstliðið almanaksár ætti að vera kynnt almenningi á þann hátt að það sýni með skýrum hætti frammistöðu flota þungra ökutækja í Sambandinu og hvers aðildarríkis sem og hvers framleiðanda. Hún ætti að gera samanburðarhæfi mögulega innan flota og milli þeirra með tilliti til meðaleldsneytisnotkunar og meðallosunar koltvísýrings fyrir hvern yfirhóp þungra ökutækja eftir notkunarstærð (e. *mission profile*).
- 16) Það er mikilvægt að gildin fyrir koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun, sem eru ákvörðuð samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/2400, endurspegli með réttum hætti frammistöðu þungra ökutækja. Í þeirri reglugerð eru því sett fram ákvæði til að sannprófa og tryggja samræmi notkunar hermitólsins sem og eiginleika viðeigandi íhluta, aðskilinna tæknieininga og kerfa sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun. Þessi aðferð við sannprófun ætti að innihalda prófun á vegum. Í nýja gerðarviðurkenningarrámanum, eins og hann er settur fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 ⁽⁷⁾, er kveðið á um aðferðir til að tryggja að framleiðandinn grípi til ráðstafana til úrbóta ef um frávik er að ræða og að framkvæmdastjórnin geti lagt á stjórnarsýslusektir ef ekki er farið að reglum. Í þessum nýja ramma er einnig viðurkennt mikilvægi þess að þriðju aðilum sé heimilt að framkvæma sjálfstæðar prófanir á ökutækjum og hafi aðgang að nauðsynlegum gögnum. Framkvæmdastjórnin ætti að vakta niðurstöðurnar úr slíkum sannprófunum og ætti hún að láta greiningu á þessum niðurstöðum fylgja með ársskýrslu sinni.
- 17) Það er mikilvægt að tryggja að gögnin, sem eru vöktuð og gefin er skýrsla um, séu traust og áreiðanleg. Framkvæmdastjórnin ætti því að hafa möguleika á að sannreyna og, ef nauðsyn krefur, leiðrétt lokagögnin. Vöktunarkröfurnar ættu því einnig að innihalda mælþætti, sem gera kleift að rekja og sannprófa gögnin á fullnægjandi hátt.
- 18) Framkvæmdastjórnin ætti að eiga þess kost að leggja á stjórnarsýslusektir ef hún telur að gögnin, sem framleiðandinn hefur gefið skýrslu um, víki frá þeim gögnum sem skráð eru með reglugerð (EB) nr. 595/2009 og einkum í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 582/2011 ⁽⁸⁾ og reglugerð (ESB) 2017/2044 eða ef framleiðandi skilar ekki þeim gögnum sem krafist er innan gildandi tímamarka. Þessar sektir ættu að vera skilvirkar, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif.
- 19) Á grundvelli fenginnar reynslu af vöktun og skýrslugjöf um gögn varðandi koltvísýringslosun samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009 ⁽⁹⁾ fyrir nýjar fólksbifreiðar og samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 ⁽¹⁰⁾ fyrir ný létt atvinnuökutæki þykir rétt að fela Umhverfisstofnun Evrópu þá ábyrgð að

⁽⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1367/2006 frá 6. september 2006 um beitingu ákvæða Árósasamningsins um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum hjá stofnunum og aðilum Bandalagsins (Stjútíð. ESB L 264, 25.9.2006, bls. 13).

⁽⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 frá 30. maí 2018 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 715/2007 og (EB) nr. 595/2009 og niðurfellingu tilskipunar 2007/46/EB (Stjútíð. ESB L 151, 14.6.2018, bls. 1).

⁽⁸⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 582/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd og breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 að því er varðar losun frá þungum ökutækjum (Euro VI) og um breytingu á I. og III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB (Stjútíð. ESB L 167, 25.6.2011, bls. 1).

⁽⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009 frá 23. apríl 2009 um að setja staðla um mengunarvarnargetu nýrra fólksbifreiða sem hluta af samþættri stefnu Bandalagsins um að draga úr losun koltvísýrings frá léttum ökutækjum (Stjútíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 1).

⁽¹⁰⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 frá 11. maí 2011 um að setja staðla um mengunarvarnargetu nýrra létttra atvinnuökutækja sem hluta af samþættri stefnu Sambandsins um að draga úr losun koltvísýrings frá léttum ökutækjum (Stjútíð. L 145, 31.5.2011, bls. 1).

skiptast á slíkum gögnum við lögbær yfirvöld aðildarríkisins og framleiðendur, og að stjórna endanlega gagnagrunninum fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar. Einnig þykir rétt að aðlaga verklagsreglurnar við vöktun og skýrslugjöf fyrir þung ökutæki að fyrirliggjandi verklagsreglum fyrir létt ökutæki.

- 20) Til að tryggja samræmd skilyrði vegna framkvæmdar á ákvæðum þessarar reglugerðar um sannpröfun og leiðréttingu á vöktuðu gögnunum ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ⁽¹¹⁾.
- 21) Til að tryggja að kröfurnar um gögn og verklagsreglan um vöktun og skýrslugjöf hæfi áfram til að meta tillag flota þungra ökutækja til koltvísýringslosunar, til að tryggja tiltækileika gagna um nýja og háþróaða tækni til að draga úr losun koltvísýrings og um niðurstöðurnar úr sannpröfunum á vegum og til að tryggja að vikmörkin fyrir loftviðnám hæfi áfram í upplýsinga- og samanburðarskyni, sem og til að bæta við ákvæðunum um stjórnsýslusektir, ætti að veita framkvæmdastjórninni valdheimildir til að samþykka gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, til að ákvarða upphafsárin fyrir vöktun og skýrslugjöf að því er varðar þá flokka þungra ökutækja sem falla þar undir, til að breyta kröfum um gögn og verklagsreglunni um vöktun og skýrslugjöf sem mælt er fyrir um í viðaukunum við þessa reglugerð, til að tilgreina hvaða gögn aðildarríkin eigi að gefa skýrslu um til að vakta niðurstöðurnar úr sannpröfunum á vegum, til að breyta vikmörkunum fyrir loftviðnám og til að skilgreina viðmið, útreikninga og aðferð til að innheimta stjórnsýslusektir sem lagðar eru á framleiðendur. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 ⁽¹²⁾. Til að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða skal Evrópuþingið og ráðið taka við öllum skjölum á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkja og sérfræðingar þeirra hafa kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem vinna að undirbúningi framseldra gerða.
- 22) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. vöktun og skýrslugjöf vegna koltvísýringslosunar og eldsneytisnotkunar nýrra þungra ökutækja í Sambandinu, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs þess og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykka ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná því markmiði.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um kröfur að því er varðar vöktun og skýrslugjöf vegna koltvísýringslosunar og eldsneytisnotkunar nýrra þungra ökutækja, sem skráð eru í Sambandinu.

2. gr.

Gildissvið

Reglugerð þessi gildir um vöktun og skýrslugjöf af hálfu aðildarríkjanna og framleiðenda þungra ökutækja varðandi gögn um ný þung ökutæki.

Hún tekur til eftirfarandi ökutækjaflokka:

- a) ökutækja í flokkum M₁, M₂, N₁ og N₂ með viðmiðunarmassa sem er umfram 2610 kg og falla ekki innan gildissviðs reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 ⁽¹³⁾ og allra ökutækja í flokkum M₃ og N₃,
- b) ökutækja í flokki O₃ og O₄.

Að því er varðar þessa reglugerð teljast þessi ökutæki vera þung ökutæki.

⁽¹¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

⁽¹²⁾ Stjtið. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

⁽¹³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 frá 20. júní 2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá létum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja (Stjtið. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 1).

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar, sem settar eru fram í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB⁽¹⁴⁾ og reglugerð (EB) nr. 595/2009.

4. gr.

Vöktun og skýrslugjöf af hálfu aðildarríkjanna

1. Frá og með 1. janúar 2019 og fyrir hvert almanaksár eftir það skulu aðildarríkin vakta gögnin, sem tilgreind eru í A-hluta í I. viðauka, varðandi ný þung ökutæki, sem skráð eru í fyrsta sinn í Sambandinu.

Frá árinu 2020 skulu lögbæru yfirvöldin í aðildarríkjunum gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um þessi gögn, eigi síðar en 28. febrúar ár hvert, í samræmi við verklagsregluna um skýrslugjöf sem sett er fram í II. viðauka.

Ekki skal vakta og gefa skýrslu um gögn varðandi ný þung ökutæki, sem hafa áður verið skráð utan Sambandsins, nema skráningin hafi átt sér stað innan þriggja mánaða fyrir skráninguna í Sambandinu.

2. Þau lögbæru yfirvöld, sem bera ábyrgð á vöktun og skýrslugjöf um gögn í samræmi við þessa reglugerð, skulu vera þau yfirvöld sem aðildarríkin tilnefna í samræmi við 7. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009.

5. gr.

Vöktun og skýrslugjöf af hálfu framleiðenda

1. Frá og með þeim upphafsárum sem sett eru fram í 1. lið B-hluta í I. viðauka skulu framleiðendur þungra ökutækja vakta, á hverju almanaksári, gögnin sem tilgreind eru í 2. lið B-hluta í I. viðauka, fyrir hvert nýtt þungt ökutæki.

Frá og með þeim upphafsárum sem sett eru fram í 1. lið B-hluta I. viðauka, skulu framleiðendur þungra ökutækja gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um þessi gögn, eigi síðar en 28. febrúar ár hvert, fyrir hvert nýtt þungt ökutæki með dagsetningu hermunar sem fellur undir næstliðið almanaksár, í samræmi við verklagsregluna um skýrslugjöf sem sett er fram í II. viðauka.

Dagsetning hermunar skal vera sú dagsetning sem tilkynnt er í samræmi við gagnafærslu 71 í 2. lið í B-hluta í I. viðauka.

2. Hver framleiðandi skal tilnefna tengilið að því er varðar skýrslugjöf um gögn í samræmi við þessa reglugerð.

6. gr.

Miðlæg skrá fyrir gögn um þung ökutæki

1. Framkvæmdastjórnin skal halda miðlæga skrá um þung ökutæki (hér á eftir nefnd „skráin“) sem inniheldur gögn úr skýrslugjöfnum í samræmi við 4. og 5. gr.

Skráin skal vera aðgengileg almenningi að undanskildri gagnafærslu a, sem tilgreind er í A-hluta í I. viðauka, og gagnafærslum 1, 24, 25, 32, 33, 39 og 40, sem tilgreindar eru í 2. lið í B-hluta í I. viðauka. Með tilliti til gagnafærslu 23, sem tilgreind er í 2. lið í B-hluta í I. viðauka, skal gildið gert aðgengilegt öllum á vikmarkaformi, eins og sett er fram í C-hluta í I. viðauka.

2. Umhverfisstofnun Evrópu skal hafa umsjón með skránni fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar.

7. gr.

Vöktun á niðurstöðum úr sannprófunum á vegum

1. Framkvæmdastjórnin skal vakta, ef þær eru fyrir hendi, niðurstöður úr prófunum á vegum, sem framkvæmdar eru innan ramma reglugerðar (EB) nr. 595/2009, til að sannreyna koltvísyringslosun og eldsneytisnotkun nýrra þungra ökutækja.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 13. gr., til að bæta við þessa reglugerð með því að tilgreina þau gögn sem lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum eiga að gefa skýrslu um, að því er varðar 1. mgr. þessarar greinar.

⁽¹⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) (Stjtíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1).

8. gr.

Gæði gagna

1. Lögbæru yfirvöldin og framleiðendurnir skulu bera ábyrgð á réttleika og gæðum gagnanna sem þeir gefa skýrslu um skv. 4. og 5. gr. Þau skulu upplýsa framkvæmdastjórnina án tafar um hvers kyns mistök sem greind hafa verið í gögnunum sem gefin er skýrsla um.
2. Framkvæmdastjórnin skal framkvæma sína eigin sannprófun á gæðum gagnanna sem gefin er skýrsla um skv. 4. og 5. gr.
3. Framkvæmdastjórnin skal, eftir því sem við á, grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að leiðrétta gögnin sem birt eru í skránni, sem um getur í 6. gr., ef hún fær upplýsingar um skekkjur í gögnunum eða ef hún verður vör við misræmi í gagnamenginu við framkvæmd eigin sannprófunar.
4. Framkvæmdastjórninni er heimilt, með framkvæmdargerðum, að ákvarða sannprófunar- og leiðréttingarráðstafanirnar, sem um getur í 2. og 3. mgr. í þessari grein. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 12. gr.

9. gr.

Stjórnsýslusektir

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt að leggja á stjórnsýslusekt í sérhverju eftirfarandi tilvika:
 - a) þegar hún telur að gögnin, sem framleiðandinn hefur gefið skýrslu um skv. 5. gr. þessarar reglugerðar, víki frá þeim gögnum sem koma úr skráningarfærslu framleiðandans eða gerðarviðurkenningarvottorðinu fyrir hreyfil, sem er gefið út innan ramma reglugerðar (EB) nr. 595/2009, og að frávikið er af ásettu ráði eða vegna alvarlegs gáleysis,
 - b) þegar gögnin hafa ekki verið lögð fram innan viðeigandi frests skv. 1. mgr. 5. gr. og ekki er hægt að rökstyðja tilhlýðilega þessa seinkun.

Í þeim tilgangi að sannprófa gögnin, sem um getur í a-lið, skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við viðeigandi viðurkenningaryfirvöld.

Stjórnsýslusektirnar skulu vera skilvirkar, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi og mega ekki fara yfir 30 000 evrur á hvert hlutaðeigandi þungt ökutæki þar sem gögnin víkja frá áður nefndum gögnum eða berast of seint, eins og um getur í a- og b-lið.

2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 13. gr., á grundvelli þeirra meginreglna sem settar eru fram í 3. mgr. þessarar greinar, sem koma til viðbótar þessari reglugerð með því að mæla fyrir um verklagið við og aðferðirnar fyrir útreikninga og innheimtu á þeim stjórnsýslusektum sem um getur í 1. mgr. þessar reglugerðar.
3. Eftirfarandi meginreglur gilda fyrir framseldu gerðirnar, sem um getur í 2. mgr.:
 - a) með þeirri verklagsreglu sem framkvæmdastjórnin kom á er rétturinn til góðrar stjórnsýslu virtur, einkum rétturinn til að flytja mál sitt og rétturinn til aðgangs að skýrslunni, að teknu tilliti til réttmætra ástæðna er varða trúnað, þagnarskyldu og viðskiptaleynd,
 - b) við útreikning á viðeigandi stjórnsýslusekt skal framkvæmdastjórnin fylgja meginreglunum um skilvirkni, meðalhóf og letjandi áhrif, að teknu tilliti, þar sem við á, til alvarleika og áhrifa frávíksins eða seinkunarinnar, til fjölda þungra ökutækja þar sem gögnin víkja frá áður nefndum gögnum eða berast of seint, til góðrar trúar framleiðandans, til kostgæfni og samstarfsvilja framleiðandans, til endurtekninga, tíðni eða tímalengdar frávíksins eða seinkunarinnar sem og fyrri viðurlaga, sem lögð hafa verið á sama framleiðanda,
 - c) innheimta skal stjórnsýslusektir án ástæðulausrar tafar með því að fastsetja eindaga fyrir greiðslu og, ef við á, með því að bjóða upp á möguleikann á að skipta niður greiðslunum í nokkrar afborganir og áfanga.
4. Fjárhæðir stjórnsýslusekta skulu reiknast sem tekjur í almennum fjárlögum Sambandsins.

10. gr.

Skýrsla

1. Eigi síðar en 31. október ár hvert skal framkvæmdastjórnin gefa út ársskýrslu með greiningu á þeim gögnum sem aðildarríkin og framleiðendur láta í té fyrir næstliðið almanaksár.

2. Í greiningunni skal að lágmarki tilgreina frammistöðu flota þungra ökutækja í Sambandinu sem og í hverju aðildarríki og hjá hverjum framleiðanda með tilliti til meðaleldsneytisnotkunar og meðallosunar koltvísýrings fyrir hvern yfirhóp þungra ökutækja fyrir hverja samsetningu notkunarniðs, álags og eldsneytis. Hún skal einnig taka tillit til gagna, ef þau eru fyrir hendi, um upptöku á nýrri og háþróaðri tækni til að draga úr losun koltvísýrings, sem og aflrása sem nota óhefðbundið eldsneyti. Auk þess skal hún, ef við á, innihalda greiningu á niðurstöðunum úr sannprófunum á vegum sem vaktaðar eru í samræmi við 7. gr.

3. Framkvæmdastjórnin skal undirbúa greininguna með stuðningi Umhverfisstofnunar Evrópu.

11. gr.

Breyting á viðaukunum

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 13. gr., með það fyrir augum að breyta viðaukunum í þeim tilgangi:

- að uppfæra eða aðlaga gagnakröfurnar, sem tilgreindar eru í A- og B-hluta í I. viðauka, ef það er talið nauðsynlegt til að hægt sé að framkvæma ítarlega greiningu í samræmi við 10. gr.,
- að ákvarða þau upphafsár sem eftir standa í 1. lið B-hluta í I. viðauka,
- að uppfæra eða aðlaga vikmörkin, sem sett eru fram C-hluta í I. viðauka, til að taka tillit til breytinga í hönnun á þungum ökutækjum og tryggja að vikmörkin skipti enn máli í upplýsingaskyni og sambærileikaskyni,
- aðlaga verklagsregluna um vöktun og skýrslugjöf, sem sett er fram í II. viðauka, til að taka tillit til reynslunnar sem fengist hefur með beitingu þessarar reglugerðar.

2. Framseldu gerðirnar, sem um getur í b-lið 1. mgr., skulu samþykktar í síðasta lagi 30. júlí 2025.

12. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um loftslagsbreytingar, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013⁽¹⁵⁾. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

13. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir sem um getur í 7. gr. (2. mgr.), 9. gr. (2. mgr.) og 11. gr. (1. mgr.) í sjö ár frá 29. júlí 2018. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um valdaframsalið eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok sjö ára tímabilsins. Valdaframsalið skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla valdaframsalið sem um getur í 7. gr. (2. mgr.), 9. gr. (2. mgr.) og 11. gr. (1. mgr.). Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal valdsins sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á lögmæti framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við sérfræðinga, sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016.

5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

⁽¹⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 frá 21. maí 2013 um fyrirkomulag við vöktun og skýrslugjöf að því er varðar losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf að því er varðar aðrar upplýsingar á landsvísu og á vettvangi Sambandsins sem varða loftslagsbreytingar og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 280/2004/EB (Stjút. ESB L 165, 18.6.2013, bls. 13).

6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 7. gr. (2. mgr.), 9. gr. (2. mgr.) og 11. gr. (1. mgr.), skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

14. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. júní 2018.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

A. TAJANI

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

L. PAVLOVA

forseti.

I. VIÐAUKI

Reglur um gögn sem á að vakta og gefa skýrslu um

A-HLUTI: GÖGN SEM AÐILDARRÍKIN EIGA AÐ VAKTA OG GEFA SKÝRSLU UM

- verksmiðjunúmer fyrir öll ný þung ökutæki, eins og um getur í a- og b-lið annarrar málsgreinar 2. gr., sem skráð eru á yferráðasvæði aðildarríkisins,
- heiti framleiðanda,
- tegund (viðskiptaheiti framleiðanda),
- kóðinn fyrir yfirbygginguna, eins og tilgreint er í 38. færslu samræmisvottorðsins, ef það er fyrir hendi,
- hvað varðar þau þungu ökutæki sem um getur í a-lið annarrar málsgreinar 2. gr.: upplýsingarnar um hreyfilinn í færslum 23, 23.1 og 26 í samræmisvottorðinu.

B-HLUTI: GÖGN SEM FRAMLEIÐENDUR ÞUNGRA ÖKUTÆKJA EIGA AÐ VAKTA OG GEFA SKÝRSLU UM

- Upphafssár fyrir vöktun og skýrslugjöf gagna fyrir þá flokka þungra ökutækja sem tilgreindir eru í a- og b-lið annarrar málsgreinar 2. gr.:

Flokkur þungra ökutækja	Ökutækjafir hópur í ökutækjaflokki (eins og um getur í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 2017/2400)	Upphafssár Vöktun	Upphafssár Skýrslugjöf
N ₁	—	—	—
N ₂	1 og 2	2020	2021
N ₃	3	2020	2021
	4, 5, 9 og 10	2019	2020
	11, 12 og 16	2020	2021
M ₁	—	—	—
M ₂	—	—	—
M ₃	—	—	—
O ₃	—	—	—
O ₄	—	—	—

- Gögn sem á að vakta og gefa skýrslu um:

Nr.	Vöktunarmælipættir	Heimild: I. liður í IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 2017/2400, nema annað sé tilgreint	Lýsing
1	Verksmiðjunúmer ökutækis (VIN)	1.1.3	Auðkenning ökutækja og íhluta
2	Vottunarnúmer hreyfils	1.2.2	
3	Vottunarnúmer CdxA ⁽¹⁾ (ef við á)	1.8.3	
4	Vottunarnúmer girkassa	1.3.2	
5	Vottunarnúmer áss	1.6.2	
6	Vottunarnúmer hjólbarða, ás 1	1.9.2	
7	Vottunarnúmer hjólbarða, ás 2	1.9.6	
8	Vottunarnúmer hjólbarða, ás 3	1.9.10	
9	Vottunarnúmer hjólbarða, ás 4	1.9.14	

Nr.	Vöktunarmæliþættir	Heimild: I. liður í IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 2017/2400, nema annað sé tilgreint	Lýsing
10	Ökutækjaflokkur (N ₁ N ₂ , N ₃ , M ₁ , M ₂ , M ₃)	1.1.4	Ökutækjaflokkun
11	Samskipan ása	1.1.5	
12	Hámarksheildarþyngd ökutækis (t)	1.1.6	
13	Ökutækjafirhópur	1.1.7	
14	Heiti og heimilisfang framleiðanda	1.1.1	Forskriftir fyrir ökutæki og undirvagn
15	Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda)	1.1.7 II. liður í IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/2400	Meginforskriftir hreyfils
16	Leiðréttur massi ökutækis sem er tilbúið til aksturs (kg)	1.1.8	
17	Málafl hreyfils (kW)	1.2.3	
18	Lausagangshraði hreyfils (1/mín)	1.2.4	
19	Nafnhraði hreyfils (1/mín)	1.2.5	
20	Slagrými hreyfils (lítrar)	1.2.6	Lofthreyfiþæði
21	Viðmiðunareldsneytistegund hreyfils (dísilólía/fljótandi jarðólúgas/þjappað jarðgas ...)	1.2.7	
22	Vottunarkostur sem notaður er til að mynda CdxA (staðalgildi/mæling)	1.8.2	
23	CdxA-gildi (loftviðnámsgildi)	1.8.4	Meginforskriftir fyrir gírkassa
24	Nafn og heimilisfang gírkassaframleiðanda	—	
25	Tegund (viðskiptaheiti gírkassaframleiðanda)	—	
26	Vottunarkostur sem notaður er til að mynda línurit yfir tap með notkun hermitóls (valkostur 1/valkostur 2/valkostur 3/ staðalgildi)	1.3.3	
27	Tegund gírkassa (SMT ⁽²⁾ , AMT ⁽³⁾ , APT ⁽⁴⁾ -S ⁽⁵⁾ , APT-P ⁽⁶⁾)	1.3.4	
28	Gírafjöldi	1.3.5	
29	Lokayfirfærsluhlutfall gírkassa	1.3.6	
30	Tegund hamlara	1.3.7	
31	Aflúttak (já/nei)	1.3.8	
32	Nafn og heimilisfang framleiðanda ása	—	
33	Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda ása)	—	
34	Vottunarkostur sem notaður er til að mynda línurit yfir tap með notkun hermitóls (staðalgildi/mæling)	1.7.3	
35	Gerð áss (þ.e. stakur staðaldrifás)	1.7.4	
36	Hlutfall áss	1.7.5	

Nr.	Vöktunarmæliþættir	Heimild: I. liður í IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 2017/2400, nema annað sé tilgreint	Lýsing
37	Vottunarkostur sem notaður er til að mynda línurit yfir tap með notkun hermitóls (staðalgildi/mæling)	1.6.3	Forskriftir fyrir vinkildrif
38	Hlutfall vinkildrifs	1.6.4	
39	Nafn og heimilisfang hjólbarðaframleiðanda	—	Meginforskriftir fyrir hjólbarða
40	Tegund (viðskiptaheiti hjólbarðaframleiðanda)	—	
41	Hjólbarðastærð, ás 1	1.9.1	
42	Sértækur veltiviðnámsstuðull (RRC) fyrir alla hjólbarða á ási 1	1.9.3	
43	Hjólbarðastærð, ás 2	1.9.4	
44	Tvíás (já/nei) ás 2	1.9.5	
45	Sértækt RRC-gildi fyrir alla hjólbarða á ási 2	1.9.7	
46	Hjólbarðastærð, ás 3	1.9.8	
47	Tvíás (já/nei) ás 3	1.9.9	
48	Sértækt RRC-gildi fyrir alla hjólbarða á ási 3	1.9.11	
49	Hjólbarðastærð, ás 4	1.9.12	
50	Tvíás (já/nei) ás 4	1.9.13	
51	Sértækt RRC-gildi fyrir alla hjólbarða á ási 4	1.9.15	
52	Tækni í kæliviftu hreyfils	1.10.1	Meginforskriftir fyrir aukabúnað
53	Stýrisdælutækni	1.10.2	
54	Rafkerfistækni	1.10.3	
55	Lofþrýstikerfistækni	1.10.4	
56	Notkunarsnið (flutningar á lengri leiðum, flutningar á lengri leiðum (EMS ⁽⁷⁾), svæðisbundnir flutningar, svæðisbundnir flutningar (EMS), þéttbýlisflutningar, þjónusta innan sveitarfélags, byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð)	2.1.1	Mæliþættir fyrir hermun (fyrir hverja samsetningu notkunarsniðs/álags/eldsneytis)
57	Álag (eins og skilgreint í hermitólinu) (kg)	2.1.2	
58	Tegund eldsneytis (dísilolía/bensín/fljótandi jarðolúgas/ þjappað jarðgas/...)	2.1.3	
59	Heildarmassi ökutækis í hermun (kg)	2.1.4	
60	Meðalhraði (km/klst.)	2.2.1	Ökuhæfni ökutækis (fyrir hverja samsetningu notkunarsniðs/álags/eldsneytis)
61	Lágmarksaugnablikshraði (km/klst.)	2.2.2	
62	Hámarksaugnablikshraði (km/klst.)	2.2.3	
63	Hámarks hraðaminnkun (m/s ²)	2.2.4	
64	Hámarks hröðun (m/s ²)	2.2.5	
65	Hundraðshluti við fullt álag á aksturstíma	2.2.6	

Nr.	Vöktunarmæliþættir	Heimild: I. liður í IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 2017/2400, nema annað sé tilgreint	Lýsing
66	Heildarfjöldi girskiptinga	2.2.7	
67	Heildarvegalengd sem ekin er (km)	2.2.8	
68	Koltvísyringslosun (gefin upp sem g/km, g/t-km, g/p-km, g/m ³ -km)	2.3.13-2.3.16	Koltvísyringslosun og eldsneytisnotkun (fyrir hverja samsetningu notkunarsniðs/álags/eldsneytis)
69	Eldsneytisnotkun (gefin upp sem g/km, g/t-km, g/p-km, g/m ³ -km, l/100km, l/t-km, l/p-km, l/m ³ -km, MJ/km, MJ/t-km, MJ/p-km, MJ/m ³ -km)	2.3.1-2.3.12	
70	Útgáfa hermitóls (X.X.X)	3.1.1	
71	Dagsetning og tími hermunar	3.1.2	
72	Leyfisnúmer til að nota hermitólið	—	Hugbúnaðar- og notendaupplýsingar
73	Dulritað tæti af niðurstöðu úr hermitólinu	3.1.4	
74	Háþróuð tækni til að draga úr koltvísyringslosun	—	Ökutækjatekni til að draga úr koltvísyringslosun
75	Massalosun koltvísyrings frá hreyfli meðan á WHTC-prófun stendur ⁽⁸⁾ (g/kWh)	Liður 1.4.2 í viðbótinni við 5. viðbæti eða liður 1.4.2 í viðbótinni við 7. viðbæti við I. viðauka reglugerðar (ESB) nr. 582/2011, eftir því hvort á við	
76	Eldsneytisnotkun hreyfilsins meðan á WHTC-prófun stendur (g/kWh)	Liður 1.4.2 í viðbótinni við 5. viðbæti eða liður 1.4.2 í viðbótinni við 7. viðbæti við I. viðauka reglugerðar (ESB) nr. 582/2011, eftir því hvort á við	Koltvísyringslosun frá hreyfli og sértæk eldsneytisnotkun hans
77	Massalosun koltvísyrings frá hreyfli meðan á WHSC-prófun stendur ⁽⁹⁾ (g/kWh)	Liður 1.4.1 í viðbótinni við 5. viðbæti eða liður 1.4.1 í viðbótinni við 7. viðbæti við I. viðauka reglugerðar (ESB) nr. 582/2011, eftir því hvort á við	
78	Eldsneytisnotkun hreyfils meðan á WHSC-prófun stendur (g/kWh)	Liður 1.4.1 í viðbótinni við 5. viðbæti eða liður 1.4.1 í viðbótinni við 7. viðbæti við I. viðauka reglugerðar (ESB) nr. 582/2011, eftir því hvort á við	

(1) Loftviðnám.

(2) Handskiptur girkassi með samhröðun (e. *Synchronised Manual Transmission*).

(3) Hálf-sjálfvirkur handskiptur girkassi eða sjálfvirkur vélrænt virkjaður girkassi.

(4) Sjálfvirk álagsgirskipting.

(5) „S-skipan“: raðbundin uppröðun vægisbreytis og tengdra vélrænna hluta girkassa.

(6) „P-skipan“: samhliða uppröðun vægisbreytis og tengdra vélrænna hluta girkassa (t.d. í búnaði sem deilir afli).

(7) Evrópska einingakerfið (EMS) í samræmi við tilskipun ráðsins 96/53/EB frá 25. júlí 1996 um að ákveða leyfileg hámarks mál vegna umferðar innan aðildarríkja og milli landa og leyfilega hámarksþyngd vegna umferðar milli landa fyrir tiltekin ökutæki sem eru í notkun í Bandalaginu (Stjttíð. EB L 235, 17.9.1996, bls. 59).

(8) Svipul aksturslota sem samræmd er á heimsvísu (WHTC).

(9) Aksturslota við stöðugar aðstæður sem er samræmd á heimsvísu (WHSC).

C-HLUTI: VIKMÖRK FYRIR LOFTVIÐNÁMSGILDI (CDXA) AÐ ÞVÍ ER VARÐAR ÚTGÁFU Í SAMRÆMI VIÐ 6. GR.

Í þeim tilgangi að gera CdxA-gildið, sem tilgreint er í gagnafærslu 23, aðgengilegt öllum í samræmi við 6. gr. skal framkvæmdastjórnin nota þau vikmörk, sem skilgreind eru í eftirfarandi töflu sem inniheldur samsvarandi vikmörk fyrir hvert CdxA-gildi:

Vikmörk	CdxA-gildi [m ²]	
	Lægsta CdxA-gildi (CdxA ≥ min CdxA)	Hæsta CdxA-gildi (CdxA < MaxCdxA)
A1	0,00	3,00
A2	3,00	3,15
A3	3,15	3,31
A4	3,31	3,48
A5	3,48	3,65
A6	3,65	3,83
A7	3,83	4,02
A8	4,02	4,22
A9	4,22	4,43
A10	4,43	4,65
A11	4,65	4,88
A12	4,88	5,12
A13	5,12	5,38
A14	5,38	5,65
A15	5,65	5,93
A16	5,93	6,23
A17	6,23	6,54
A18	6,54	6,87
A19	6,87	7,21
A20	7,21	7,57
A21	7,57	7,95
A22	7,95	8,35
A23	8,35	8,77
A24	8,77	9,21

II. VIÐAUKI

Gagnastjórnun og skýrslugjöf

1. SKÝRSLUGJÖF AÐILDARRÍKJANNA

- 1.1. Í samræmi við 4. gr. skal tengiliður lögbæra yfirvaldsins afhenda gögnin, sem tilgreind eru í A-hluta í I. viðauka, á rafrænan hátt í miðlæga gagnasafnið sem Umhverfisstofnun Evrópu stýrir (hér á eftir nefnd „stofnunin“).

Þegar gögnin hafa verið send skal tengiliðurinn tilkynna framkvæmdastjórninni og stofnuninni um það með tölvupósti á eftirfarandi netföng:

EC-CO2-HDV-IMPLEMENTATION@ec.europa.eu

og

HDV-monitoring@eea.europa.eu

2. SKÝRSLUGJÖF AF HENDI FRAMLEIÐENDA

- 2.1. Framleiðendur skulu senda framkvæmdastjórninni eftirfarandi upplýsingar án tafar og eigi síðar en 31. desember 2018:

- a) nafn framleiðandans, eins og það stendur á samræmisvottorðinu eða vottorðinu um skráningarviðurkenningu (e. *individual approval certificate*),
- b) auðkenniskóða framleiðanda á heimsvísu (WMI-kóðann), eins og hann er skilgreindur í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 19/2011 ⁽¹⁾, sem nota skal í verksmiðjunúmerið fyrir ný þung ökutæki, sem á að setja á markað, og
- c) þann tengilið sem ber ábyrgð á upphali gagnanna í viðskiptagagnasafni (e. *Business Data Repository*) stofnunarinnar.

Þeir skulu tilkynna framkvæmdastjórninni án tafar um allar breytingar á þessum upplýsingum.

Tilkynningarnar skulu sendar á pósthöfundinum sem um getur í lið 1.1.

- 2.2. Nýir framleiðendur, sem koma á markaðinn, skulu tilkynna framkvæmdastjórninni án tafar um upplýsingarnar sem um getur í lið 2.1.

- 2.3. Í samræmi við 1. mgr. 5. gr. skal tengiliður framleiðandans afhenda gögnin, sem tilgreind eru í 2. lið í B-hluta í I. viðauka, á rafrænan hátt í viðskiptagagnasafnið sem stofnunin stýrir.

Þegar gögnin hafa verið send skal tengiliðurinn tilkynna framkvæmdastjórninni og stofnuninni um það með tölvupósti á netföngin sem um getur í lið 1.1.

3. GAGNAVINNSLA

- 3.1. Stofnunin skal vinna þau gögn sem send eru í samræmi við lið 1.1 og 2.3 og skal skrá unnin gögn í skrána.

- 3.2. Þau gögn sem varða þung ökutæki, sem skráð hafa verið á næstliðnu almanaksári, og hafa verið skráð í skrána skulu birt opinberlega eigi síðar en 31. október ár hvert frá og með 2020, að undanskildum þeim gagnafærslum sem tilgreindar eru í 1. mgr. 6. gr.

⁽¹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 19/2011 frá 11. janúar 2011 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar lögbodna merkiplötu framleiðanda og verksmiðjunúmer ökutækis á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis (Stjútíð. ESB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

- 3.3. Ef lögbært yfirvald eða framleiðendur greina villur í þeim gögnum sem lögð hafa verið fram skal það tafarlaust tilkynnt framkvæmdastjórninni og stofnuninni með því að senda villutilkynningu til miðlæga gagnasafnsins eða viðskipta-gagnasafnsins og með tölvupósti á þau netföng sem um getur í lið 1.1.
 - 3.4. Framkvæmdastjórnin skal, með stuðningi stofnunarinnar, sannprófa þær villur sem tilkynnt var um og skal leiðrétta gögnin í skránni, eftir því sem við á.
 - 3.5. Með stuðningi stofnunarinnar skal framkvæmdastjórnin gera rafræn snið aðgengileg fyrir gagnasendingarnar, sem um getur í liðum 1.1 og 2.3, í tæka tíð áður en skilafresti lýkur.
-